



1. Tilgangur

Verklagsreglunum er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við meðferð ferðakostnaðarreikninga vegna ferðalaga starfsmanna á vegum Ísafjarðarbæjar.

2. Ábyrgð

Yfirmaður viðkomandi starfsmanns ber ábyrgð á að afhenda og kynna fyrir starfsmanni þær reglur sem í gildi eru varðandi ferðalög og ferðakostnað hjá sveitarfélaginu. Hann ber ábyrgð á samþykkt, annarsvegar ferðaheimildar og hins vegar ferðakostnaðarreiknings vegna ferðalaga starfsmanna sinna. Starfsmaður ber ábyrgð á að fylla út ferðaheimild og síðan ferðareikning skv. útlögðum kostnaði og að fá þessa pappíra samþykkt áður en til ferðar kemur. Hann ber einnig ábyrgð á að halda utan um frumrit reikninga sem fylgja þurfa ferðaheimild og ferðareikningi við innheimtu hjá gjaldkera.

3. Framkvæmd

3.1 Ferðalag framundan

Sé ferðalag framundan þarf viðkomandi starfsmaður að fylla út [ferðaheimild](#) og koma henni til síns yfirmanns, sem ber ábyrgð á samþykkt hennar. Fyrir þarf að liggja samþykkt ferðaheimild áður en ferð er skipulögð.

3.2 Hvernig skal ferðast

Leita skal hagstæðustu leiða til ferðalaga og nýta þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni hjá flugfélögum og bílaleigum. Ódýrast er að panta flugfar á netinu en muna þarf að fá kvittun fyrir greiddu fargjaldi. Ísafjarðarbær er aðili að rammasamningi ríkisstofnana við bílaleigurnar Höldur ehf. (bílaleiga Akureyrar), Bílaleigu Avis og Hertz bílaleigu. Ávallt þarf að skila kvittunum fyrir útlögðum kostnaði. Í þeim tilfellum sem starfsmaður kýs að aka eigin bíl milli landshluta greiðist kílómetragjald samkvæmt [verðskrá](#) Sjúkratrygginga Íslands.

3.3 Ferðakostnaður

Þegar starfsmaður innheimtir útlagðan kostnað vegna ferðalaga á vegum sveitarfélagsins skal hann fylla út eyðublaðið Ferðakostnaður innanlands/erlendis. Ferðakostnaðurinn er síðan innheimtur hjá gjaldkera sem greiðir að jafnaði samdægurs. Til þess að gjaldkeri geti greitt ferðakostnaðinn þurfa að fylgja honum kvittanir fyrir útlögðum kostnaði **ásamt samþykktri ferðaheimild**.

Öll eyðublöðin má nálgast [hér](#).